
STEFNUMÖRKUN SUÐURLANDS 2016 - 2020



SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
2015

EINKENNI SUÐURLANDS:

- ❖ Mannauður, náttúra og samtakakraftur

FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SUÐURLAND:

- ❖ Fjölbreytt atvinnulíf, mannlíf og menning
- ❖ Suðurland sem laðar að íbúa og gesti
- ❖ Hvetjandi umhverfi til menntunar, rannsókna og þróunar
- ❖ Atvinnusköpun sem byggir á sjálfbærri nýtingu á auðlindum landshlutans
- ❖ Sterkar byggðir og traustir innviðir

LEIÐARLJÓS SÓKNARÁÆTLUNAR SUÐURLANDS:

- ❖ Jákvæð samfélagsþróun
- ❖ Gæði, hreinleiki og umhverfisvitund
- ❖ Að byggja upp fjölskylduvænt samfélag
- ❖ Fjölbreytni í menningu, mannlífi, menntun og atvinnu

MEGIN ÁHERSLUR SÓKNARÁÆTLUNAR TIL 2020:

- ❖ AUKA SAMVINNU Á MILLI SVEITARFÉLAGA Í SEM FLESTUM MÁLEFNUM
 - ❖ VINNA AÐ HEILDRÆNNI KORTLAGNINGU Á NÁTTÚRU, MANNAUÐI OG MENNINGU Á SUÐURLANDI OG DRAGA FRAM SÉRSTÖÐU EINSTAKRA SVÆÐA
 - ❖ SKAPA JÁKVÆÐA ÍMYND AF SUÐURLANDI SEM BYGGIR Á GÆÐUM OG HREINLEIKA
 - ❖ VINNA AÐ UMHVERFISVAKNINGU MEÐ SJÁLFBÆRNI AÐ LEIÐARLJÓSI OG AUKA SJÁLFBÆRA NÝTINGU Á ORKU OG AUÐLINDUM
 - ❖ HÆKKA MENNTUNARSTIG Á SUÐURLANDI MEÐ EFLINGU FRAMBOÐS OG AÐGENGIS AÐ MENNTUN Í HEIMABYGGÐ
 - ❖ AUKA FJÖLBREYTNÍ Í ATVINNULÍFI, MANNLÍFI, MENNINGU OG MENNTUN
-

STEFNA OG MARKMIÐ / MENNING:

MENNINGAR- OG LISTALÍF Á SUÐURLANDI BYGGI Á FAGMENNSKU OG ÞEKKINGU

- Menning og listir fái aukið vægi í uppeldi og kennslu barna og fullorðinna
- Grunn listmenntun verði eflað á svæðinu öllu

MENNINGARSTARF OG VIÐBURÐIR Á SUÐURLANDI VERÐI SAMRÆMD OG SÝNILEGT, JAFNT ÍBÚUM SEM OG GESTUM Á SVÆÐINU

- Ferðaþjónusta geti nýtt menningu og listir svæðisins sem aðráttarafl og þannig aukið á samstarf þessara aðila (menningartengd ferðaþjónusta)
- Komið verði á markvissu samstarfi allra aðila í menningarmálum á Suðurlandi
- Aukið samstarf og verkefnaþróun á Suðurlandi leiði til eflingar og sýnileika menningarlífs á svæðinu - jafnframt aukist menningarlegt víðsýni og skilningur íbúa og stjórnsýslu á mikilvægi skapandi greina

STARFSUMHVERFI MENNINGAR Á SUÐURLANDI HVETJI TIL FRUMKVÖÐLASTARFS Í MENNINGARMÁLUM OG LISTSKÖPUN

- Upplýsingum um aðstoð við frumkvöðla verði markvisst komið á framfæri
- Unnið verði að eflingu nýsköpunarhugsunar sem styðji einnig við samtímalistsköpun
- Starfandi listamönnum og öðrum sem hafa tekjur af skapandi greinum fjölgi
- Öflugt menningar- og listalíf á Suðurlandi styðjist við faglegar niðurstöður rannsókna í málaflokknum
- Menningararfur Sunnlendinga og menningarlandslag svæðisins verði skrásettur og gerður aðgengilegur
- Öflugar rannsóknir á sviði menningar- og lista skapi viðurkenningu greinanna sem mikilvægs hluta atvinnulífs á svæðinu

STEFNA OG MARKMIÐ / MENNTUN, MANNAUÐUR OG LÝÐFRÆÐILEG ÞRÓUN:

AÐ HÆKKA MENNTUNARSTIG Á SUÐURLANDI

- Auka framboð fjarnáms á framhalds- og háskólastigi á Suðurlandi
- Tryggja jafnt aðgengi að menntun um allan landshlutann
- Vakta framboð og eftirspurn eftir námi á Suðurlandi
- Auka þekkingu og notkun á upplýsingatækni til náms og kennslu
- Bæta viðhorf og skilning á hagkvæmni menntunar alla ævi
- Minnka brottfall nemenda á öllum skólastigum
- Auka samvinnu menntastofnana á svæðinu og utan þess

AÐ MENNTUN OG ATVINNULÍF EIGI SAMLEIÐ

- Auka áherslur á nýsköpun, skapandi- og verklegar greinar á öllum skólastigum á Suðurlandi
 - Kortleggja þarfir atvinnulífsins fyrir menntun
 - Auka samvinnu atvinnulífs um virðisauka menntunar
 - Stuðla að símenntun atvinnugreina í landshlutanum
 - Fjölga „þekkingarstörfum“ og atvinnutækifærum fyrir menntað fólk
-
-

STEFNA OG MARKMIÐ / ATVINNULÍF OG NÝSKÖPUN:

BÆTA SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG ATVINNULÍFS Á SUÐURLANDI

- Styðja við vöruþróun, markaðssókn og öflun þekkingar
- Hvetja og styðja við nýsköpun innan fyrirtækja
- Efla grunngerðir atvinnulífs í landshlutanum
- Að búa til betri jarðveg fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Suðurlandi

EFLA OG BYGGJA Á; STYRKLEIKUM, TÆKIFÆRUM OG VAXTARSPROTUM ATVINNULÍFS Á SUÐURLANDI

- Efla ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu með öflugri markaðssókn
- Styðja við rannsóknir, vöruþróun og virðisaukandi aðgerðir
- Styðja við fullvinnslu og beina sölu afurða og þjónustu úr héraði
- Nýta náttúru, menningu, sögu og aðrar auðlindir landshlutans til atvinnusköpunar en í sátt við samfélagið

AUKA FJÖLBREYTNÍ Í ATVINNULÍFI Á SUÐURLANDI

- Fjölga störfum án staðsetningar
- Laða að ný fyrirtæki, innlend sem erlend
- Styðja við aukið samstarf fyrirtækja þvert á starfsgreinum
- Byggt verði á náttúru, menningu, sögu og öðrum auðlindum landshlutans við sköpun nýrra atvinnutækifæra - í sátt við náttúru og verndarsjónarmið
- Efla rannsóknir og þróunarstarf, einkum varðandi jarðvísindi, náttúru og ferðamál
- Efla ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga við öflun fjármagns til nýsköpunarverkefna